

# Fornleifarannsókn í landi Narfastaða 2016



Lísabet Guðmundsdóttir

Fornleifastofnun Íslands  
FS632-16221  
Reykjavík 2016



*Loftmynd á forsíðu tók Unnsteinn Ingason við uppgröft á holu.*

*Fornleifastofnun Íslands  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551-1033  
Fax: 551-1047  
Vefpóstfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)*

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	4
Framkvæmd og aðferðir.....	5
Fornleifarannsókn.....	5
Svæði 1.....	5
Tóft - Könnunarskurður 100.....	6
Hola - Könnunarskurður 200.....	11
Svæði 2.....	15
Syðragerði.....	15
Túngarður - Könnunarskurður 300.....	16
Meint tóft - Könnunarskurður 400.....	17
Niðurstöður.....	20
Heimildaskrá.....	21


## Inngangur

Þann 30. september til 2. október 2016 fór fram fornleifakönnun á tveimur minjasvæðum í landi Narfastaða í Þingeyjasveit. Landeigandi, Unnsteinn Ingason ásamt Árna Einarssyni, töldu sig hafa borið kennsl á áður óþekktar minjar SSV við bæjarstæðið á Narfastöðum. Á loftmyndum mátti sjá möguleg garðlög, tóftir og holur sem kunna að vera kolagrafir. Seinna svæðið kallast Syðragerði, en það er vestan við gamla þjóðveginn sem hefur raskað túngarði/vallargarði sem er umhverfis túnið. Samkvæmt heimildum hefur aldrei verið byggð í Syðragerði og segir í Jarðabók Árna og Páls að Syðragerði sé fornt fjárhússtæði.<sup>1</sup>

Unnsteinn Ingason fékk Fornleifastofnun Íslands til þess að kanna hvort um nýtt bæjarstæði væri að ræða og aldur túngarðsins á Syðragerði. Könnunarskurður var grafinn í túngarðinn til þess að kanna aldur og í meinta tóft innan túngarðs. Einnig var grafinn skurður í holu og tóft á fyrrnefnda svæðinu. Rannsóknina unnu fornleifafræðingarnir Howell M. Roberts, sem var leyfishafi, og Lísabet Guðmundsdóttir. Lísabet sá um úrvinnslu og skýrsluskrif. Rannsóknarleyfisnúmer: 201609-0078 og þjóðminjasafnsnúmer 2016-76.



Mynd 1 - Staðsetning Narfastaða



Mynd 2 Rannsóknarsvæði


## Framkvæmd og aðferðir

Tvö svæði í landi Narfastaða voru könnuð. Svæði 1 þar sem talið var að nýtt bæjarstæði væri að finna og svæði 2 sem þekkt er undir nafninu Syðragerði. Hvert mannvirki og skurður fékk númer. Fyrsta tóftin sem var könnuð fékk númerið 100 og skurðurinn þar af leiðandi líka. Næsta mannvirki sem var kannað fékk númerið 200 og svo koll af kolli. Í allt voru grafnir fjórir könnunarskurðir ásamt því að gengið var um svæðið þar sem hið meinta bæjarstæði var talið vera. Tveir skurðir voru grafnir á svæði 1 og tveir skurðir á svæði 2. Skurðir voru grafnir með skóflu, þeir voru ljósmyndaðir ásamt því að snið og flötur voru teiknuð í hlutföllunum 1:10. Grafið var niður á vegg og gólfög í tóft 100 en við rannsókn á öðrum mannvirkjum var grafið niður á óhreyfðan jarðveg. Skurðir og tóftir voru mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000 GPS tæki sem fengið var að láni hjá Minjaverði Norðurlands eystra og fær hann þakkir fyrir það.

## Fornleifarannsókn

### Svæði 1

Svæði 1 er um 1000 m SSV við Narfastaði. Þar var talið vera áður óþekkt bæjarstæði. Á loftmyndum má sjá hól og í kringum hann virðist vera túngarður (Sjá mynd 4). Svæðið er þýft og víða mýrlent og erfitt að meta hvort þar séu tóftir



Mynd 3 Meint bæjarstæði ásamt mögulegum túngarði. (Mynd tók Unnsteinn Ingason)

eður ei hins vegar leiddi vettvangsrannsókn í ljós að þarna voru hvorki mannvirki né túngarður. Loftmyndir eru þó afar sannfærandi og kom á óvart að þarna skildu ekki vera merki um mannvist. Við frekari vettvangskönnun fannst hins vegar skálalaga tóft sem sagt verður frekar frá hér fyrir neðan.


### **Tóft - Könnunarskurður 100**

Tóft/mannvirki 100 er um 1200 m SSV við Narfastaði og um 1600 m vestan við Þjóðveg 1. Tóftin er á þýfðu kjarri vöxnu svæði og liggur til norðausturs-suðvesturs. Mannvirkið er 8 m að lengd og 4 m á breidd að innanmáli og 12 m á lengd og 7 m á breidd að utanmáli, inngangur virðist hafa verið að norðaustanverðu. Skurður var grafinn í gegnum syðri langvegg til þess að kanna aldur og hlutverk mannvirkisins. Skurðurinn var 3 m á lengd og 1 m á breidd. Norðaustursnið skurðarins var teiknað en einnig voru minjarnar teiknaðar í fleti. Hér fyrir neðan verður fjallað nánar um snið skurðarins.



Mynd 4 Lísabet Guðmundsdóttir stendur í miðri tóft 100. (Mynd tekin í S)

## Norðaustursnið tóftar 100



Mynd 5 Norðaustursnið

Lag	Lýsing
[101]	Yfirborðslag, laust í sér ásamt rótum og gróðri.
[102]	Gjóskulag frá 1477 ásamt fokmold, neðst voru slitur af 1300 gjóskunni en þær voru óljósar í þessu sniði en mjög greinilegar í suðaustursniði.
[103]	Fokmold, brún silt mold, laus í sér.
[104]	Rauðbrún silt mold með ljósum skellum.
[105]	Dökkbrúnt lag, silt mold, líklega fokmold.
[106]	Hreyft torf og torfhrun úr vegg [110]. Torfið er brúnt, ljósbrúnt ásamt fjólublárrí og grænni gjósku sem er úr landnámssyrpunni. Í torfinu eru einstaka kol.
[107]	Dökkbrúnt þétt silt lag, torfblandað, fokmold ásamt torfhruni.
[108]	Ljósbrún linsa sem sker sig verulega frá öðrum lögum í kring, er líklegast hluti af torfhruninu.
[109]	Ljóst lag, frekar feitt, hvítgult á lit sem liggur að hluta til yfir gólfskán en einnig yfir gráu leirríku lagi sem tóftin er byggð ofan á.
[110]	Torfveggur, með landnámslaginu í, linsur af blönduðum grábrúnum jarðveg með grá-grænni og fjólublárrí gjósku. Veggurinn er frekar óreglulegur, það er að segja strengir eru ekki augljósir.
[111]	Svart sótarlag, gólf.
[112]	Grátt leirríkt lag sem inniheldur einstaka kolaagnir. Lagið liggur undir veggnum og er mannvirkið hlaðið ofan á þetta lag.



Mynd 6 Uppmæling af tóft 100 ásamt skurði.

### Flötur


Fyrir miðjum skurði var torfveggur [101]/[110] en ekki var grafið í gegnum vegginn. Suðvestan megin í veggnum er torfið frábrugðið torfi annars staðar í veggnum. Torfið er brúnt og appelsínugult með landnámslaginu í en það er ekki eins þykkt og að norðanverðu. Norðaustan við vegginn upp við skurðarbarminn mátti greina svargrátt gólf með kolum, sóti og viðarösku. Við norðvesturhorn skurðarins var mögulega niðurgröftur en það var ekki kannað frekar. Álíka gólfslitru voru að finna norðaustanmegin í skurðinum. Sunnan við gólfíð var



blandað brúnt siltag með flekkjum af H3 gjóskunni, lag [104]. Sitt hvoru megin við vegginn var grátt siltag með kolaögnum og var torfveggurinn hlaðinn ofan á það lag.



**Mynd 7** Fyrir miðri mynd sést veggur tóftarinnar (Mynd tekin í SA)



Mynd 8 Teikning mannvistarlögum í skurði 100


Mannvirki 100 var farið úr notkun áður en 1300 gjóskan féll. Þykk fokmoldarlög liggja undir 1300 gjóskunni og yfir mannvirkinu sjálfu sem bendir til þess að mannvirkið hefur farið úr notkun talsvert áður en 1300 gjóskan féll en hvenær nákvæmlega er erfitt að segja. Torfveggur [110] ([101] á flatarteikningu) er um 1,20 m á breidd og um 0,15 m á hæð. Veggurinn var óreglulegur og var ekki unnt að greina hvers konar hleðslutorf var notað til þess að hlaða vegginn. Í veggnum var þykk landnámsgjóska, græn og fjólublá ásamt linsum af grábrúnum jarðvegi. Veggurinn var hlaðinn ofan á grátt feitt lag með kolaögnum sem lá svo á landnámslaginu *in situ*. Svargrátt gólflag [111] ([103] á flatarteikningu) var innan mannvirkisins sem samanstóð aðallega af sóti, kolum og viðarösku. Gólfið var slitrótt og var ekki að finna upp við vegginn. Gólfið bendir til þess að hér sé um íveruhús að ræða fremur en útihús. Engin önnur mannvirki eru nálægt fyrir

utan holur sem eru um 50 m norðan við tóftina, því er ólíklegt að hér sé um annað bæjarstæði að ræða. Mannvirkið er hins vegar afar forvitnilegt út frá staðsetningu og umhverfi. Það liggur frekar hátt í aflíðandi hlíð og er alls óljóst af hverju þessi staður hefur orðið fyrir valinu og af hvaða tilefni.

### **Hola - Könnunarskurður 200**

Um 50 m norðan við tóft 100 er hæðarhryggur sem liggur í NA-SV. Hryggurinn er um 60 m á lengd og um 10 m á breidd. Ofan á hryggnum eru þrjár holur sem hver um sig eru um 2 m í þvermál. Könnunarskurður var grafinn í gegnum mið holuna, sem fékk númerið 200, til þess að kanna aldur og hlutverk. Skurðurinn var 1,5 m á lengd, 1 m á breidd og 1,5 m á dýpt. Á kortinu og loftmyndinni hér fyrir neðan má sjá afstöðu holanna þriggja og tóftarinnar.


Á myndinni hér fyrir neðan má sjá afstöðu tóftarinnar og hæðarhryggsins þar sem holurnar eru mynd er tekin í suðvestur. Efst á myndinni, sést núverandi



Mynd 9 Efst á myndinni er þjóðvegur en fyrir neðan má sjá hæðarhrygginn og hægra megin við hann sést tóftina. (Mynd tók Unnsteinn Ingason)

Þjóðvegur sem liggur til Mývatns.

### Suðvestursnið



Mynd 10 Suðvestursnið holu 200


### Lýsing á jarðlögum

Lag	Lýsing
[201]	Yfirborðslag, rætur og fokmold.
[202]	Grábrún siltmold, fokmold og afar litlar skellur af H3 gjóskunni. Í laginu er 1477 gjóskan.
[203]	Hreyft lag, fylling eða hrun úr bökkum holunnar. Grábrún siltmold ásamt H3 gjóskuskellum.

[204]	Gjóskulag, líklegast frá árinu 1300. Hún virðist vera <i>in situ</i> .
[205]	Fokmold með örfáum H3 gjóskuflekkjum.
[206]	Fylling í holu, brúnt silt, talsvert af H3 gjóskuflekkjum og mögulega 1104 gjóskulagið í fyllingunni. Lagið er blandað og mjög þétt.
[207]	Fylling mun lausari í sér en fylling [206], rauðbrún siltmold með H3 gjóskuflekkjum, þó ekki eins mikið og í lagi [206].
[208]	Fylling rauðbrún siltmold með appelsínugulum skellum, nánast engin H3 gjóska. Lagið er laust í sér og liggur ofan á óhreyfðu grófu sandlagi með einstaka steinum í.
[209]	Óhreyfður jarðvegur, aðallega grófur sandur og möl.



Mynd 11 Á myndinni sést snið holunnar ásamt hluta holunnar sjálfrar. Dökka lagið fyrir miðju sniði er 1300 gjóska og liggur hún augljóslega ofan á fyllingunni. (Mynd tekin í SA)



Mynd 12 Flatarteikning hólú 200.

Hóla 200 hefur verið um 2 m í þvermál og mjókkar talsvert niður, þvermál botns er um 0,6 m. Helmingur holunnar var grafinn í gegnum grjótt- og gróft sandlag og var hún grafin áður en 1300 gjóskan féll. Neðsta fyllingin, lag [208], samanstóð af lausri rauðbrúnni siltmold með appelsínugulum skellum, lagið var laust í sér og frekar einsleitt. Ofan á því lagi var fyllingarlag [207] sem var rauðbrúnt með H3 flekkjum. Fyrir ofan lag [206] var þétt silt lag með H3 flekkjum, hærra hlutfall var af H3 og var lagið afar þétt. Lögin fyrir ofan [206] voru mun lausari í sér og samanstóðu af jarðvegi sem hefur fallið úr hliðum holunnar og foki, lög [205], [203]. Ekkert fannst í holunni sem gefur til kynna hvert hlutverk hennar var. Holurnar þrjár á hæðarhryggnum voru upphaflega taldar vera kolagrafir, hins vegar fannst ekki ein kolaögn í hólú 200 svo hlutverk hennar hefur verið annað. Hvert það hlutverk var er ómögulegt að segja en ljóst er að hólú var grafin fyrir 1300.

## Svæði 2

### Syðragerði

Syðragerði er um 800 m suðaustan við núverandi bæjarstæði Narfastaða. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er Syðragerði talið vera fjárhússtæði og eru heimildir á sama máli um að aldrei hafi verið þar byggð.<sup>2</sup> Túngarður er umhverfis þýft tún og er bæjarhóll eða fjárhússtæði í sunnanverðu túni um 4 m frá túngarðinum. Túngarðurinn er veglegt mannvirki og vel



Mynd 13 Loftmynd af Syðragerði, uppmælingar voru lagðar yfir loftmyndina. (Mynd tók Unnsteinn Ingason)


greinanlegur á yfirborði, víða er hann um 0,4 - 0,5 m á hæð og um 1,5 m á breidd. Umhverfis túngarðinn er þéttur lerkiskógur sem hefur byrjað að sá sér að litlu leyti innan túnsins. Malarvegur sem áður var þjóðvegur liggur í gegnum túnið að norðaustanverðu og var farið í gegnum túngarðinn á tveimur stöðum við lagningu hans. Tveir könnunarskurðir voru grafnir í Syðragerði til þess að kanna aldur túngarðs og tóftar. Skurður 300 var

grafinn í gegnum túngarðinn að norðanverðu, vestanmegin við

<sup>2</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Hreiðarsdóttir. 2005. bls. 39, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XI, 1943. bls. 187

## Túngarður - Könnunarskurður 300

Könnunarskurður í gegnum túngarðinn var grafinn við gamalt vegstæði þar sem þegar var búið að raska garðinum. Skurðurinn var 3,5 m á lengd, 1,5 m á breidd og um 1,2 m á dýpt.



Mynd 14 Teikning af sniði túngarðs í Syðragerði

Lag	Lýsing
[301]	Yfirborðslag, brúnt sendið silt lag, laust í sér.
[302]	Gjóskulag frá 1477.
[303]	Brúnt lag, laust í sér, svipar mjög til yfirborðslagsins en er þéttara í sér. Linsur af 1477 gjóskunni eru í laginu, lagið er líklegast hrun.
[304]	Fokmold með torfskellum, líklegast hrun úr vegg [305] ásamt fokmold.
[305]	Veggur, yngri túngarður sem hlaðinn var ofan á hrun úr eldri túngarði. Í veggnum er gjóska frá árinu 1300. Yngri veggurinn er þar af leiðandi hlaðinn eftir að 1300 gjóskan fellur en áður en 1477 gjóskan fellur.
[306]	Hreyft torflag, hrun úr vegg [305].
[307]	Brúnt sendið silt lag, fokmold. Á þessum stað virðist hafa verið rof.
[308]	Svört gjóska, afar fín frá 1477.
[309]	Fokmold, mjög svipað lagi [307].
[310]	Torfhrun úr eldri vegg [312]. Afar litríkt torf, dökk brúnt, appelsínugult, gult, hvítt og grátt. Yngri túngarðurinn er ofan á laginu.
[311]	Torfhrun sunnan við torfvegg
[312]	Eldri túngarður. Mjög litríkur torfveggur með landnámslaginu í. Strenghlaðinn, brúnt, dökkbrúnt nánast fjólublátt torf, grængrátt og




	appelsínugult torf.
[313]	Óhreyft mýrarlag, efst er hvítt þunnt lag sem kann að vera 1104 gjóskan en það er ekki ljóst. Ef svo er þá er túngarðurinn hlaðinn eftir að sú gjóska féll.
[314]	Dökk brúnt lag, einsleitt. Líklegast fok sem hefur safnast upp í rofi.
[315]	Ljóst mýrarlag, óhreyft.
[316]	Dökkt nánast svart lífrænt lag, lagskipt. Líklegast þúfur í mýri.

#### **Meint tóft - Könnunarskurður 400**

Um 20 m suðvestan við könnunarskurð 300 var meint tóft. Könnunarskurður 400 var grafinn í gegnum meintan vegg. Í ljós kom að tóftin var náttúruleg þúfumyndun.



Mynd 15 Skurður 400 (Mynd tekin í A)



Mynd 16 Sníðteikning af uppsöfnuðum jarðlögum í Syðragerði sem ekki voru af mannvöldum

Lag	Lýsing
[401]	Yfirborðslag og grasrót.
[402]	Gjóskulag frá árinu 1477.
[403]	Dökk sendið silt lag.
[404]	Gjóskulag frá árinu 1300.
[405]	Ljós silt mold, fokmold.
[406]	Gjóskulag frá árinu 1104.
[407]	Flekkótt silt mold.
[408]	Landnámslagið.
[409]	Silt mold.

[410]	Rof.
[411]	H3 gjóska.
[412]	Rof, silt mold ásamt fínnum sandlinsum, vatnsorfið.
[413]	Silt mold.
[414]	H4 gjóska.
[415]	Silt mold.
[416]	Silt mold.

Tún Syðragerðis er staðsett í aflíðandi hlíð sem lækkar til norðausturs. Túnið er um 100 m í þvermál en norðaustur hluti túnsins er ekki varðveittur vegna vegagerðar og skógræktar. Lægri hluti túnsins hefur verið mýrlent og þýft, ekki ósvipað og í dag og sést það í sniði skurðar 300. Bæjarhóllinn/fjánhússtæðið er í suðvesturhluta túnsins ofarlega og þar hefur að öllum líkindum ekki verið eins blautt og að austanverðu. Bæjarhóllinn er 19,4 m á lengd og 14,5 m á breidd. Túngarðarnir eru tveir, sá eldri, veggur [312], er hlaðinn úr torfstreng áður en 1300 gjóskan féll og mögulega eftir að 1104 gjóskan féll. Yngri túngarðurinn var hlaðinn eftir að eldri túngarðurinn hrundi þar sem veggurinn er hlaðinn ofan á torfhruni [310] sem er hrun úr vegg [312]. Yngri veggurinn er líklegast strenghlaðinn en honum virðist hafa verið hróflað upp og var ekki eins vandaður og sá eldri. Í veggnum er gjóska frá 1300, veggurinn er þar af leiðandi hlaðinn eftir að 1300 gjóskan féll og yfir veggnum er gjóska frá árinu 1477. Þar af leiðandi er veggurinn hlaðinn áður en sú gjóska féll. Norðaustan megin við veggina var rof sem síðar hefur gróið aftur. Upp við vegg [305] var dæld og í dældinni var fokmold sem hefur fokið í rofið og gróið á ný. Gjóska frá 1477 liggur upp að rofinu. Um 20 m frá könnunarskurði 300 var meint tóft og var grafinn könnunarskurður til þess að kanna aldur. Hins vegar var engin mannvist í skurðinum og reyndust meintir veggir vera þúfur. Ekki var hægt að skera úr hvort Syðragerði hafi áður verið hjáleiga eða fjánhússtæði. Hins vegar er ljóst að Syðragerði er forn staður og var farinn úr notkun áður en 1477 gjóskan féll.

## Niðurstöður

Tvö svæði voru könnuð í landi Narfastaða; Syðragerði og svæði sem er um 1100 m suðvestan við Narfastaði. Á síðarnefnda svæðinu voru teknir tveir könnunarskurðir, einn í gegnum skálalaga tóft og hinn síðari í gegnum holu eða gryfju um 50 m norðan við tóftina. Gryfjurnar voru þekktar fyrir en ekki hvert hlutverk þeirra var. Könnunarskurður í gegnum holuna leiddi ekki í ljós hver tilgangur þessara mannvirkja var. Holan var um 1 m í þvermál og um 80 cm á dýpt. Fyllt var að hluta til upp í holuna á ný en ekkert fannst í henni sem gaf til kynna til hvers hún var grafin. Út frá gjóskulögum er ljóst að holan var grafin áður en 1300 gjóskan féll. Tóft 100 var eins og áður sagði 50 m sunnan við holurnar þrjár miðað við staðsetningu var talið að þarna kynni að hafa verið útihús. Skurður var grafinn í gegnum syðri langvegg og leiddi í ljós mannvirki sem farið var úr notkun nokkuð áður en 1300 gjóskan féll. Í tóftinni var þunnt svart gólflag sem innihélt aðallega sót og kol sem bendir til þess að ekki er um útihús að ræða, fremur einhverskonar íveruhús. Rannsókn á svæði 1 hefur vakið upp fleiri spurningar en svör. Hvers konar mannvirki var tóft 100 og hvert var hlutverk þess, ólíklegt er að þarna hafi verið annað bæjarstæði, en kann þarna að hafa verið lítil hjáleiga eða sel? Til hvers voru holur grafnar á hæðarhryggnum? Kann hola 200 átt að vera vera kolagröf en aldrei verið notuð? Ef til vill gæti rannsókn á hinum holunum leitt það í ljós.

Syðragerði er samkvæmt heimildum fjárhússtæði. Fornleifarannsókn hefur nú leitt í ljós að eldri túngarðurinn var reistur áður en 1300 gjóskan féll, hann hefur hrunið og er annar garður hlaðinn ofan á hrun yngri túngarðs. Í þeim garði er 1300 gjóskan í torfi. Gjóska frá 1477 er ekki yfir garðinum sjálfum en hún er yfir fokmoldar og torflagi sem eru sitt hvoru megin við hann. Þetta mannvirki var þar af leiðandi í notkun á miðöldum. Skurður var grafinn í gegnum meinta tóft skammt frá skurðinum í gegnum garðlagið en þar reyndist ekki vera mannvist. Til þess að fá úr því skorið hvort Syðragerði hafi verið fjárhússtæði eða hjáleiga þyrfti að kanna tóftir sem eru syðst í túninu. Búseta á Narfastöðum á sér langa og flókna sögu. Þrátt fyrir ítarlegar rannsóknir fornleifaræðinga síðastliðin ár eru þar enn að finnast áður óþekktar minjar sem auka flækjustig búsetuþróunnar í landi Narfastaða enn frekar. Frekari rannsóknir á tóft 100, holum og fjárhússtæði gætu aukið skilning á þróun búsetu í landi Narfastaða.

## Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir og Elín Hreiðarsdóttir. 2005. *Fornleifaskráning á Narfastöðum í Reykjadal*. Fornleifastofnun Íslands. FS261-04151. Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1943. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þingeyjarsýsla*. XI bindi. Kaupmannahöfn.